

Erindi Íbúasamtaka Vesturbæjar dags. 11. mars 2020 um tillögu um að hverfisskipulagsvinna verði sett í gang.

Góðan dag

Við í Íbúasamtökum Vesturbæjar óskum eftir því að Íbúaráð Vesturbæjar komi því áfram innan borgarkerfissins að Hverfisskipulagsvinna fyrir Vesturbæinn verði sett í gang hið fyrsta. Ef ekki er hægt að fara í gang að fullum krafti þá samt setja þá hluta sem koma að grænum svæðum og útivist í gang tafarlaust.

Ástæðan er sú að fjölmörg græn og opin svæði eru í mótun í hverfinu en það sárvantar heildarstefnu og sýn áður en lengra er haldið.

Með hverfisskipulagsvinnu verður gerð úttekt á því hvernig græn og opin svæði í hverfinu nýtast núna, hvaða svæði væri hægt að grænka og hvaða möguleikar um græn svæði eru til staðar í nýjum skipulagstillögum.

Í kjölfarið verður hægt að móta framsæknari og fjölbreyttari hugmyndir um nýtingu grænna svæða svo sem m.t.t. útivistariðkunar, ræktunar og útikennslu.

Spurningum eins og "Hversu margir Vesturbæingar leita út fyrir hverfið til þess að stunda heilsurækt/íþróttir?", "Hvar og hvernig gæti borgarræktun átt sér stað í hverfinu?" yrðu skoðaðar. Með hverfisskipulagsvinnu myndi því sú löngu tímabæra og nauðsynlega þarfagreining og samráð við íbúa eiga sér stað og áherslur borgarinnar á lýðheilsu, sjálbærni og loftslagsmál fengju skýrari farveg innan einstakra verkefna.

með kveðju f.h. Íbúasamtaka Vesturbæjar

Martin, Lára, Guðmundur, Ásta og Þorsteinn